

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Vinstri grænna um umferðarþrengingar á Furumel

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. nóvember 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Vinstri grænna:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að ráðast í sambærilegar umferðarþrengingar á Furumel eins og gert var á Birkimel á sínum tíma til að auka öryggi gangandi og hjólandi um götuna enda fjölfarin gata fjölmargra vesturbæinga og sér í lagi skólabarna á morgnana og annatíma. Á meðan beðið er eftir varanlegri lausn þarf að ráðast í bráðabirgðaaðgerðir til að hægja á bílaumferð. Þrátt fyrir að hámarks hraði á götunni sé 30 km þá býður núverandi hönnun upp á allmikinn hraðaaakstur og hefur umferð við götuna aukist eftir að Birkimelnum var breytt og tímaspursmál hvenær þarna verða slys og sér í lagi á börnum.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 23. nóvember 2022.

Umsögn:

Á hverju ári er farið í margvíslegar aðgerðir til að bæta umferðaröryggi í borginni. Staðan er þannig að það eru margir staðir í borginni þar sem aðgerða er þörf. Því þarf að forgangsráða umferðaröryggisaðgerðum með tilliti til ýmissa þátta. Eins og staðan er í dag þá er ekki til fjárveiting til að ráðast í umferðarþrengingar á Furumel. Ekki verður heldur séð að þörf sé á að forgangsráða aðgerðum á Furumel fram yfir aðra staði sem þarfnast umferðaröryggisaðgerða.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri